

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði mánudaginn 13. okt. 2014 kl. 20:00. Fundur nr. 742

Mætt eru: Bjarnveig, Edda Kamilla, Guðrún, Sigrún, Þorgerður, Þorsteinn

Forföll boðaði: Einar Haf.

1. Bjarnveig setti fund kl: 20:00
2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt með áorðnum breytingum
3. Innsend bréf.
 - a. Bréf dagsett 4. sept. frá Dalvíkurbyggð, svar vegna beiðni um rekstrarstyrk til UMSE. Umsókninn, send til umfjöllunar íþrótta - og æskulýðsráð Dalvíkurbyggðar.
 - b. Bréf dagsett 19. sept. frá Dalvíkurbyggð, svar við beiðni um styrki, vegna ársþings UMSE og lýsingar á kjöri íþróttamanns UMSE. Umsókn barst of seint, erindinu því hafnað.
 - c. Bréf dagsett 19. sept. frá Dalvíkurbyggð, svar vegna beiðni um rekstrarstyrk vegna ársins 2015. Á fundi byggðarráðs var gerð bókunn, þess efnis Dalvíkurbyggð mun veita UMSE rekstrarstyrk.
 - d. Bréf dagsett 7. okt. frá UMFÍ, þar sem kynntur er viðburður fyrir ungmenni á aldrinum 18-25 ára sem nefnist Leiðtogasólarhringurinn. Viðburðurinn verður haldinn á Laugavatni 7. nóv 2014. Framkvæmdastjóra verður falið að finna þátttakendur
 - e. Bréf dagsett 8. okt. frá Blakfélaginu Rimum, þar sem óskað er eftir aðild að UMSE Samþykkt að veita Blakfélaginu Rimum aðild með fyrirvara um samþykki á ársþingi UMSE. Þorsteinn vék af fundi undir þessum lið vegna hagsmunatengsla.
 - f. Bréf dagsett 10. okt. frá UMFÍ, þar sem dagskrá fyrir Leiðtogasólarhringinn er kynnt.
4. Styrkir
 - a. Ferðastyrkir til íþróttamanna og -hópa.
 - i. Umsóknir sendar út með fundarboði.
 - ii. Hjörleifur Helgi Sveinbjarnarson, sund og hestaíþróttir. Umsókn hafnað þar sem umsækjandi hefur þegar fengið ferðastyrk á árinu.
 - iii. Sundfélagið Rán, sund, þátttaka á ULM 2015. Umsókn hafnað þar umsækendur hafa þegar fengið styrk á árinu.
 - iv. Golfklúbburinn Hamar, golfæfingarferð til Spánar. Samþykkt að greiða kr 20 þúsund kr. styrk til hvers iðkanda.
 - v. Golfklúbburinn Hamar, golfæfingarferð til Spánar. Umsókn hafnað
 - vi. Ungmennafélagið Smárinn, knattspyrnu keppnisferð til Skagafjarðar. Hafnað umsókn telst ekki fullnægjandi. Umsækendum bent á að sækja um að nýju fyrir næstu úthlutun.
 - vii. Haukur Gylfi Gíslason, badminton, æfingabúðir í Danmörku. Samþykkt að veita 20. þúsund kr. ferðastyrk.
 - viii. Júlíana Björk Gunnarsdóttir, frálsíþróttir, ferðakostnaður. vegna æfingasóknar til Akureyrar. Guðrún vék af fundi vegna hagsmunatengsla. Samþykkt að veita 15 þúsund kr. ferðastyrk.

- b. Landsmótssjóður UMSE 2009
 - i. 7. Umsóknir hafa borist vegna seinni úthlutunar 2014. Umsóknnum vísað til sjóðsstjórnar.
5. Þorsteinn kynnti styrkumsóknir UMSE í eftirfarandi sjóði
- a. Íþróttasjóður, sótt um vegna stefnumótunar.
 - b. Landsmótssjóður, sótt um vegna stefnumótunar.
 - c. Landsmótssjóður, sótt um vegna þátttöku framkvæmdastjóra á ráðstefnu um þjónandi forystu.
 - d. Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ, sótt um vegna þátttöku framkvæmdastjóra á ráðstefnu um þjónandi forystu.
 - e. Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ, sótt um vegna stefnumótunar.
6. Stefnumótunarfundur
- a. Samþykkt að halda stefnumótunarfund 4. nóv. 2014 kl 18:00 í Hlíðarbæ og bjóða upp á léttan kvöldverð. Framkvæmdastjóra falið að útfæra fundinn frekar og senda út fundarboð.
 - b. Tilboð frá Símei.
 - i. Tilboð frá Símei vegna stefnumótunarvinnu sambandsins var sent út með fundarboði, lagt fram til kynningar.
 - ii. **AIROPERA.**
 - A-nalyze (greina)
 - I-dea (hugmynd)
 - R-esult (svörun/niðurstaða)
 - O-wn thought (hugmyndir)
 - P-air thoughts (para/greina á milli)
 - E-xplain (útskýra)
 - R-anking (meta/forgangsraða)
 - A-rrange (flokka niðurstöður)

Aðferðin:

Það er mjög mikilvægt að vera búin að forma skýra spurningu.

Hver einstaklingur svarar spurningunni með 5 svörum/hugmyndum (einstaklingsvinna).

Síðan er fólk parað saman og það látið velja 5 af sínum sameiginlegu 10 hugmyndum.

Hvert par kynnir sínar hugmyndir með myndrænum hætti á vegg.

Allir velja 5 “bestu” hugmyndirnar (hver fyrir sig).

Að lokum eru niðurstöðurnar flokkaðar niður og tekin út aðalatriðin.

Farið var yfir tilboðið það rætt af fundarmönnum og samþykkt.

7. Heimsókn frá ÍSÍ

- a. Lárus Blöndal forseti ÍSÍ, Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ, Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSÍ og Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri komu í stutta heimsókn til Akureyrar.
- b. Fundurinn var einnig með forsvarsmönnum ÍBA og forstöðumanni íþróttamála á Akureyri. Fundurinn var fyrst og fremst til upplýsingar fyrir stjórnarmenn ÍSÍ.

8. Framkvæmdastjórafundur ÍSÍ

- a. Framkvæmdastjóri sótti fundinn til Reykjavíkur. Glærur fundarins voru sendar út með fundarboði til fundarmanna. Þorsteinn sagði fundinn hafa verið mjög góðan og upplýsandi.

9. Sambandsráðsfundur UMFÍ

- a. Fundinn sóttu Bjarnveig Ingvadóttir og Þorsteinn Marinósson þar sem rætt var meðal annars um breytingu varðandi þátttöku félagana á landsmótum. Einnig var rætt um stefnumótun. Samþykkt var á fundinum að halda vetrarlandsmót fyrir ungmenni sambandsfélaganna.
- b. Ársreikningur UMFÍ 2013 var ekki samþykktur. Ályktanir vegna ársreikninga sendar út þegar þær berast.

10. Bókun Byggaráðs Dalvíkurbyggðar

- a. Fundur með formanni Bygðarráðs Dalvíkurbyggðar og Íþróttá- og æskulýðsfulltrúa Dalvíkurbyggðar. Fundinn sóttu Bjarnveig Ingvadóttir og Þorsteinn Marinósson. Þar voru ræddar, ýmsar hugmyndir um samstarf við UMSE og hvort það væri grundvöllur fyrir því að flytja skrifstofu UMSE til Dalvíkurbyggðar. Einnig kom til tals að auka starf framkvæmdastjóra sambandsins. Dalvíkurbyggð hvað varðar samstarf og fluttning skrifstofunnar.
- b. Á fundi Bygðarráðs Dalvíkurbyggðar nr 708. var samþykkt samhljóða með 3 atkvæðum að óska eftir viðræðum við stjórn UMSE hvað varðar flutning á skrifstofu UMSE til Dalvíkurbyggðar og útfærslu á auknu starfi framkvæmdastjóra.
- c. Viðbrögð gagnvart aðildarfélögum utan Dalvíkurbyggðar og sveitarfélögum.

11. Fundarmenn ræddu þessar hugmyndir. Engar ákvarðanir voru teknar, en tekið jákvætt í frekari samræður við Dalvíkurbyggð. Stjórn UMSE er meðvituð um mikilvægi þess að

vinna faglega að þessu máli með hag UMSE, iðkenda, aðildarfélaga og annarra sem eiga hagsmuna að gæta.

12. Önnur mál.

- a. Þorsteinn sagði frá því að ÍSÍ hafi skoðað reikninga UMSE. Reikningar sambandsins eru í góðu lagi að frátaldri athugasemd um að sami aðili greiðir reikninga og færir bókhald sambandsins. ÍSÍ mun skila skýrslu varðandi reikninga UMSE. Tölvumál sambandsins rædd. Kominn er tími á að endurnýjun á tölvubúnaði. Samþykkt að Þorsteinn skoði kostnað við uppfærslu og endurnýjn á tæknimálum sambandsins. Rætt um að halda stjórnarfundum á starfssvæðinu. Ákveðið að Þorsteinn hafi samband við aðildarfélögin vegna fyrirlestra í tengslum við æfingarbúðir frjálsíþróttanefnda. Jólahaðborð ákveðið þann 6 desember á kaffihúsinu Þulu í Dalvíkurbyggð.

13. Ákveðið að halda næsta fund í Eyjafjarðarsveit mánudaginn 10. nóvember kl 19:00 og stefna á að eiga fund með aðildarfélögum í Eyjafirði. Sigurður Eiríksson kemur með veitingar.

14. Fundarslit kl 22:02

Sigrún Finnsdóttir, fundarritari

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE

—